

Aðalfundur Stéttarfélags verkfræðinga, haldinn í Verkfræðingahússins að Engjateig 9, 11. maí 2006 og hófst kl. 17:15.

Sveinbjörg Sveinsdóttir setti aðalfundinn.

Jónas G. Jónasson var kjörinn fundarstjóri og Bjarni Guðmundsson fundarritari.

Jónas úrskurðaði svo aðalfundinn lögmætan.

1. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu ári.

Sveinbjörg Sveinsdóttir flutti hana en fundarmenn fengu skriflega skýrslu stjórnar afhenta.

Stjórn Stéttarfélags verkfræðinga (SV) síðastliðið ár skipuðu:

Sveinbjörg Sveinsdóttir formaður

Jóhanna Harpa Árnadóttir varaformaður

Hulda Guðmundsdóttir fráfarandi formaður

Baldur Grétarsson gjaldkeri

Sigurður E. Guttormsson ritari

Arnar Gestsson meðstjórnandi

Sveinn Víkingur Árnason meðstjórnandi

Eysteinn Einarsson varamaður kosinn til eins árs

Daði Jóhannesson varamaður.

Úr stjórn ganga Arnar Gestsson, Baldur Grétarsson, Eysteinn Einarsson, Hulda Guðmundsdóttir og Sigurður E. Guttormsson. Hulda og Sigurður gefa kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn til eins árs.

Stjórn SV færði Arnari, Baldri og Eysteini sérstakar þakkir fyrir óeigingjarnt og dyggilegt starf fyrir félagið.

Alls hlutu 58 félagar inngöngu í SV á árinu 2005. Úrsagnir úr félaginu voru 5.

7 inngöngubeiðnum í félagið var frestað vegna ónógra gagna.

Skipting félagsmanna er þannig, að 174 félagar vinna á verkfræðistofum, 256 hjá ríki, 76 hjá Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum, 398 á almennum markaði og 55 félagar eru í námi og erlendis og því ekki fullborgandi.

Fjöldi félagsmanna í SV er nú um 931.

Þá vék Sveinbjörg að framkvæmdastjórn félagsins og rekstri.

Árni B. Björnsson hefur séð um framkvæmdastjórn SV í fullu starfi frá árinu 2000.

Ingigerður Jónsdóttir var ráðin í hálf starf hjá félaginu sumarið 2005 en Margrét Hólmsteinsdóttir bókarari hætti störfum hjá SV um mitt árið 2005.

Samstarf SV og VFÍ er mjög gott og hefur leitt til hagræðingar og bættrar þjónustu við félagsmenn félaganna.

Á starfsárinu voru tölvugögn SV færð yfir á sameiginlegan netþjón SV og VFÍ.

Þá var félagaskrá SV færð yfir í Navision úr Fjölni.

Þessar breytingar auðvelda starfsemi SV.

Síðan vék Sveinbjörg að samninganefndum SV.

Í samninganefnd SV við ríki sátu:

Helga R. Eyjólfsdóttir formaður
Elín G. Guðmundsdóttir
Gísli Georgsson
Steingrímur Jónsson
Sveinn Víkingur Árnason.

Gildandi kjarasamningur var samþykktur af félagsmönnum á vordögum 2005. Samningurinn, sem gerður var í samvinnu við Kjarafélag Tæknifræðingafélags Íslands gildir til 30.apríl 2008. Unnið var að gerð stofnanasamninga á starfsárinu.

Í samninganefnd SV við Reykjavíkurborg sátu:

Auður Ólafsdóttir formaður
Árni Ísberg (hætti í febrúar)
Bjarni Guðmundsson
Stefán Agnar Finnsson

Samninganefndin hóf vinnu við gerð nýs kjarasamnings á vordögum 2005 en þáverandi kjarasamningur rann út 30. nóvember 2005. Samningaviðræður við Reykjavíkurborg hófust vorið 2005 en um haustið komst skriður á viðræðurnar. Nýr kjarasamningur SV og Reykjavíkurborgar var svo undirritaður 12. desember 2005 og gildir hann til 31. október 2008. Samningurinn kveður á um upptöku starfsmatskerfis. Meðal atriða í kjarasamningnum má nefna hækkanir, sem gerðar voru á mótframlagi Reykjavíkurborgar í lífeyrissjóði. Undanfarnar vikur hefur verið unnið að starfsmati verkfræðinga í SV, sem starfa hjá Reykjavíkurborg og er nánast öllum starfsmatsviðtölum lokið en úrvinnsla þeirra er eftir.

Í samninganefnd SV við FRV sátu:

Eysteinn Einarsson formaður
Ásberg Ingólfsson
Ragnar Hauksson

Engir samráðsfundir SV/KTFÍ og FRV voru haldnir árið 2005. Í gildi er kjarasamningur frá 1. janúar 2005, sem gildir til 31. desember 2007. Samkvæmt samningnum hækkuðu laun 1. janúar 2005 um 4,9% og 1. janúar 2006 um 5,1%. 1. janúar 2007 munu laun hækka um 4,9%. Framkvæmdastjóri SV setti fram fyrir hönd samninganefndanna ósk um auknar greiðslur í lífeyrissjóði í janúar 2006. Erindinu var hafnað af stjórn FRV.

Í samninganefnd SV við Launanefnd sveitarfélaga sátu:

Tore Skjenstad
Árni Ísberg

Viðræður við Launanefnd sveitarfélaga voru sameiginlegar með KTFÍ og hófust skömmu fyrir páska 2006.
Launanefndin vildi, að félögin féllust á að gera hliðstæðan kjarasamning og önnur háskólafélög gerðu við nefndina.
Ekki höfðu tekist samningar í byrjun maí.
Þá vék Sveinbjörg að útgáfumálum SV. Hún vék að heimasíðu SV og útgáfu Verktækni.

Í ritnefnd Verktækni eru:

Sveinbjörg Sveinsdóttir fyrir SV
Ólafur Pétur Pálsson fyrir VFÍ
Árni Þór Árnason fyrir TFÍ

Þá vék Sveinbjörg að kynningarbæklingi um sameiningarmál félaga tæknimanna.
Hann birtist sem fjórblöðungur í 8. tölublaði Verktækni 2005.
Guðjón Aðalsteinsson kom að gerð bæklingins fyrir hönd SV.

Þá vék Sveinbjörg að sumarþæklingi Orlofssjóðs SV fyrir sumarið 2006, sem finna má á heimasíðu SV.

Þá vék Sveinbjörg að kjarakönnun SV.
Alls bárust 385 svör í kjarakönnun SV 2006. Könnunin var gerð á vefnum og var skilafrestur til 28. apríl.
Sveinbjörg kvað kjarakönnunina á undanförunum árum hafa leitt í ljós kynbundinn launamun.
Sveinbjörg kvað niðurstöður kjarakönnunar SV 2006 liggja fyrir í byrjun júní.

Þá vék Sveinbjörg að markaðslaunatöflu SV en hún nýttist sérstaklega vel fyrir þá félagsmenn SV, sem starfa á almennum markaði.
Fyrir dyrum stendur að fara í gerð nýrrar kjarakönnunar meðal félagsmanna SV, sem starfa á verkfræðistofum en síðast fór slík könnun fram árið 2004.

Þá vék Sveinbjörg að norrænu samstarfi um kjaramál verkfræðinga.
Frá 29. nóvember - 2. desember 2005 var haldinn norrænn fundur um kjaramál verkfræðinga í Helsinki.
Fundinn sóttu Sveinbjörg Sveinsdóttir formaður og Árni B. Björnsson framkvæmdastjóri fyrir hönd SV.
Ákveðið var að næsti NIL fundur, NIL 43 verði haldinn á Íslandi dagana 13.- 14. september 2006 og munu SV og KTFÍ standa saman að fundinum.

Þá gat Sveinbjörg um heimsókn Karin Virgin blaðamanns hjá Civilingenjören en hún sótti SV heim í októbermánuði.

Síðan Sveinbjörg að kynningarmálum SV og samstarfi við önnur félög. SV hefur í rúm 4 ár séð um rekstur Stéttarfélags tölvunarfræðinga og frá árinu 2004 hefur SV séð um rekstur Félags tæknimanna Landsvirkjunar. Í september 2005 var skrifað undir samning við Stéttarfélag byggingarfræðinga um rekstur félagsins en nú eru um 45 félagsmenn í félaginu. Þá fjallaði Sveinbjörg um samstarf á milli SV, TFÍ og VFÍ árið 2005 og sér í lagi í tengslum við mögulega sameiningu félaganna.

Þá upplýsti Sveinbjörg, að fulltrúi SV í EMSÍM nefndinni væri Ragnar Hauksson.

Þá vék Sveinbjörg að orlofsmálum SV en orlofssjóður félagsins á nú tvo bústaði, sem staðsettir eru í landi Hraunborga í Grímsnesi.

Í stjórn Orlofssjóðs SV sitja:

Kristján M. Ólafsson
Sigurður Áss Grétarsson
Sveinn Víkingur Árnason
Þórir Guðmundsson

Þá fjallaði Sveinbjörg um lögfræðiaðstoð SV á árinu 2005, sem nam rúmum 2,0 milljónum.

Mál tveggja félagsmanna vegna lögbanns á framleiðslu og sölu tiltekinnar vöru vannst í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Síðan vék Sveinbjörg að umsögnum SV um lagafrumvörp en félagið veitti umsagnir um tvö lagafrumvörp á starfsárinu.

Einnig vék hún að vistaböndum í ráðningarsamningum.

Framkvæmdastjóri SV, fulltrúar úr stjórn félagsins auk lögmanns þess funduðu með Árna Magnússyni þáverandi félagsmálaráðherra í júní.

Áður hafði félagið kynnt sér lög, sem gilda á Norðurlöndum og í Þýskalandi og takmarka notkun á vistarböndum.

Ákveðið var að lögfræðingur SV myndi vinna áfram að málinu í samvinnu við skrifstofustjóra ráðuneytisins.

Þá vék Sveinbjörg að sameiningarmálum félaga tæknimanna. Hún rakti aðdraganda málsins og vinnu vegna sameiningarmálanna á árinu 2005.

Allsherjaratkvæðagreiðsla innan SV var um málið í upphafi ársins 2006.

Efnt var til allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna SV í janúar 2006, hvort sameina ætti SV, TFÍ og VFÍ. Stóð kosningin til 10. febrúar 2006.

Á sama tíma fór einnig fram allsherjaratkvæðagreiðsla um málið innan TFÍ og VFÍ.

Skemmst er frá því að segja, að tillagan var samþykkt í SV, þar sem 68,95% þeirra, sem greiddu atkvæði sögðu já en 29,34% sögðu nei.

Kosningaþátttakan hjá SV var 39,86%.

Þetta nægði þó ekki til að veita málinu brautargengi, því félagsmenn í VFÍ felldu tillöguna,

Aðeins 57,89% félagsmanna í VFÍ, sem atkvæði greiddu sögðu já en 41,30% sögðu nei. Kosningaþátttaka hjá VFÍ var 44,19%.

Félagsmenn í TFÍ samþykktu sameiningartillöguna en þar sögðu 96,63% félagsmanna já en 3,37% sögðu nei.

Kosningaþátttakan hjá TFÍ var 45,91%.

Sveinbjörg kvað niðurstöðuna úr sameiningarkosningunni vera þá, að félögin ættu að vinna meira saman.

Þá vék Sveinbjörg að Sjúkrasjóði SV og Fjölskyldu- og styrktarsjóði SV.

Í stjórn Sjúkrasjóðs SV eru:

Daði Jóhannesson
Kristján M. Ólafsson
Sigurður E. Guttormsson

Í stjórn Fjölskyldu- og styrktarsjóðs SV eru:

Baldur Grétarsson
Auður Ólafsdóttir
Hafsteinn Pálsson

Síðan vék Sveinbjörg að vísinda- og starfsmenntunarsjóðum SV.

Í stjórn Starfsmenntunarsjóðs fyrir verkfræðinga hjá Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum sitja:

Árni Ísberg
Þorsteinn Sigurjónsson

Í stjórn Vísinda- og starfsmenntunarsjóðs fyrir verkfræðinga hjá ríkinu sitja:

Helgi Jóhannesson
Sigurður Sigurðarson

Í lok ræðu sinnar þakkaði Sveinbjörg samstarfsmönnum sínum í stjórn SV og starfsmönnum félagsins ánægjulegt samstarf á starfsárinu.

Einnig þakkaði hún öðrum, sem lagt hafa hönd á plóginn í starfi félagsins.

Sveinbjörg kvað það stefnu stjórnar SV að halda félagsgjöldum lágum en auka tekjur með fjölgun félaga, bættri innheimtu og aðhaldi í rekstri.

Að lokinni ræðu Sveinbjargar var orðið gefið laust en enginn tók til máls.

2. **Reikningsskil.**

Árni B. Björnsson framkvæmdastjóri SV gerði grein fyrir reikningum félagsins.

Rekstrartekjur Félagssjóðs SV voru kr. 24.043.832 en rekstrargjöld sjóðsins námu kr. 23.185.467 á árinu 2005.

Tekjur umfram gjöld Félagssjóðs SV 2005, þegar tekið er tillit til fjármagnstekna og fjármagnsgjalda var kr. 689.203.

Óráðstafað eigið fé Félagssjóðs SV nam kr. 8.439.878 í árslok 2005.

Rekstraráætlun Félagssjóðs SV fyrir árið 2006 gerir ráð fyrir kr. 987.000 í hagnað að teknu tilliti til fjármagnstekna og fjármagnsgjalda.

Árni B. Björnsson sagði, að líklega yrðu tvö stöðugildi hjá SV fyrir árslok 2006.

Hann sagði, að kostnaður við NIL fund á þessu ári sé áætlaður kr. 500.000.

Þá var orðið gefið laust.

Kristján M. Ólafsson tók til máls um útistandandi félagsgjöld.

Hann gagnrýndi slæga innheimtu félagsgjalda til SV.

Hann hvatti stjórn og framkvæmdastjóra til að bæta innheimtu félagsgjalda.

Kristján taldi nauðsynlegt að vísa skuldsettum félagsmönnum úr SV.

Snorri Halldórsson spurði um álögð árgjöld SV og vildi láta sundurliða þau .

Reikningar félagsins voru síðan bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóða.

3. Skýrslur og tillögur sérstakra nefnda.

Enginn tók til máls undir þessum lið.

4. Tillögur félagsstjórnar.

Tillaga um félagsgjald til SV:

Lagt er til, að aðalfundur Stéttarfélags verkfræðinga, sem haldinn er fimmtudaginn 11. maí 2006 samþykki, að árgjald ársins 2006 verði kr. 15.600.

Hafsteinn Pálsson tjáði sig um tillöguna.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Tillaga um framlag í Vinnudeilusjóð Stéttarfélags verkfræðinga fyrir árið 2006:

Lagt er til, að aðalfundur Stéttarfélags verkfræðinga, sem haldinn er fimmtudaginn 11. maí 2006 samþykki, að framlag ársins 2006 í Vinnudeilusjóð SV verði 0 kr.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

5. Kjör félagsstjórnar SV.

Eftirtalin sitja í stjórn SV eftir stjórnarkjör:

Jóhanna H. Árnadóttir formaður

Sveinn V. Árnason varaformaður

Sveinbjörg Sveinsdóttir fráfarandi formaður

Arnór B. Kristinsson meðstjórnandi

Lilja B. Karlsdóttir meðstjórnandi

Hulda Guðmundsdóttir meðstjórnandi

Sigurður E. Guttormsson meðstjórnandi

Árni Ísberg varamaður

Daði Jóhannesson varamaður

Arnór og Lilja voru kjörin meðstjórnendur til tveggja ára.
Hulda og Sigurður voru kjörin meðstjórnendur til eins árs.
Árni Ísberg var kjörinn varamaður til tveggja ára.

6. Kjör í stjórn Vinnudeilusjóðs SV.

Eysteinn Einarsson var kjörinn í stjórn Vinnudeilusjóðs SV.

7. Kjör skoðunarmanna ársreikninga SV.

Torfi G. Sigurðsson og Steinar Frímansson og Finnur Torfi Magnússon til vara voru kjörnir skoðunarmenn ársreikninga SV.

8. Tilkynning um löggiltan endurskoðanda.

Kristinn Gestsson löggiltur endurskoðandi var valinn.

9. Nýr formaður tekur til máls.

Jóhanna Harpa Árnadóttir nýkjörinn formaður SV tók til máls.

Hún kvaðst hafa lagt mikla áherslu á sameiningu félaga tæknimanna.

Hún kvað niðurstöður kosningu um sameiningu félaga tæknimanna vonbrigði.

Jóhanna Harpa kvað nauðsynlegt að ákvarða næstu skref í sameiningarmálunum.

Hún kvaðst hlakka til að taka til starfa sem formaður SV.

10. Önnur mál.

Hafsteinn Pálsson kvað úrslit í kosningunni um sameiningu VFÍ, SV og TFÍ vonbrigði.

Hann sagðist vera í stjórn Fjölskyldu- og styrktarsjóðs SV og sagði umsýslukostnað þar vera of háan. Hafsteinn sagði, að hætta ætti lágum greiðslum úr sjóðnum.

Snorri Halldórsson kvað úrslit í kosningunni um sameiningu félaga tæknimanna vonbrigði.

Árni B. Björnsson tjáði sig einnig um sameiningarmálin.

Sveinbjörg Sveinsdóttir kvað nú mikilvægt að vinna úr niðstöðum í kosningunni um sameiningu félaga tæknimanna. Hún tók undir sjónarmið Hafsteins Pálssonar varðandi greiðslur úr Fjölskyldu- og styrktarsjóði SV.

Bjarni Guðmundsson lýsti yfir ánægju með trausta fjármálastöðu SV.

Fundi var slitið kl. 18:35

Bjarni Guðmundsson fundarritari.